

Reykjavík, 20. apríl 2021

R21040016

Velferðasvið

Fjölmenningarráð Reykjavíkurborgar

Efni: Umsögn fjölmenningarráðs Reykjavíkurborgar um drög að velferðastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 - VEL2019090027

Fjölmenningarráð fagnar þeirri metnaðarfullu stefnu sem hér er lögð fram. Stefnan er viðsýn og hefur alla burði til að efla starfið í fjölmenningarsamfélagi.

Fjölmenningarráð vill þó einnig koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum og tillögum að umbótum.

Fyrirliggjandi stefna er greinilega hugsuð sem rammi utan um starfsemi sem er mjög jákvætt sem fyrsta skref, en fulltrúar grasrótar í ráðinu vilja leggja áherslu að öflug eftirfylgni og innleiðingarætlun og í atvikum aðgerðaætlun ásamt fjármögnun þurfa að fylgja í kjölfarið.

Í kaflanum 1.3 Mæta fjölmenningarsamfélaginu er skilgreint hvernig velferðasvið getur skipulagt þjónustu sína þannig að hún taki meira tillit til fjölmenningarsamfélagsins til að mæta þörfum ört vaxandi hóps borgarbúa af erlendum uppruna.

Í því samhengi vill fjölmenningarráðið benda á einfaldan en samt gífurlega mikilvægan punkt að fjölmenningarsamfélagið samanstendur ekki eingöngu af innflytjendum heldur okkur öllum. Innflytjendur eru ekki einungis notendur þjónustunnar heldur einnig hluti þeirra sem veita hana og þurfa í vaxandi mæli líka að taka ákvarðanir um hana.

Stefnan tekur á stafrænum lausnum í samskiptum við notendur sem er mjög mikilvægt. Hér þarf að skoða sérstaklega samskipti við fólk sem talar íslensku sem annað mál eða enga íslensku og jafnvel enga ensku. Einnig er nauðsynlegt að skoða fleiri samskiptaleiðir. Innflytjendur treysta meira og meira á samfélagsmiðla á sínum tungumálum sem aðalupplýsingaveitur og erfitt er að hafa aðgang þar nema að vera hluti af þeim hópi. Ráðið vill þess vegna benda á mikilvægi þess að horfa í meira mæli til innflytjenda í ábyrgðarstörfum innan velferðasviðs sem sinna rafrænum samskiptum við þennan hóp.

Í kaflanum 4.3 er fjallað um vinnu gegn fordómum sem er mikilvægt málefni, hér er rætt um birtingarmyndir fordóma gagnvart notendum velferðaðjónustu með mannréttindi að leiðarljósi. Ráðið styður þetta frumkvæði en vil jafnframt benda á að nauðsynlegt er einnig að vinna gegn fordómum sem notendur geta haft gagnvart kerfinu. Margir innflytjendur bera lítið traust til velferðaðjónustu, sér í lagi til dæmis barnaverndaryfirvalda. Þetta er viðkvæmt og vandmeðfarið og betra kannski að tala um vantraust en fordóma en samt sem áður er nauðsynlegt að vinna markvisst að því að auka traust innflytjenda til kerfisins.

Að auka aðgengi innflytjenda að ábyrgðarstörfum innan borgarkerfisins hefur lengi verið áherslumál hjá fjölmenningarráðinu. Varðandi kafla 7.3 þar sem fjallað er um að auka margbreytileika í hópi starfsfólks vilja fulltrúar ráðsins þess vegna leggja áherslu á að auka fjölda innflytjenda sem vinna í ábyrgðarstörfum innan velferðasviðs, ekki einungis í láglæna þjónustustörfum og ekki heldur einungis í störfum sem snúa að málefnum innflytjenda. Hér þurfa aðgerðir að fylgja sem tryggja aðgengi að íslenskunámi, starfsþróun og viðeigandi ráðstöfunum við ráðningar, eins og fræðslu fyrir þá sem fara með ráðningarvald um ávinning þess að hafa yfir að búa fjölbreyttari starfsmannahópi. Hér skiptir sérstaklega málið að huga vel að kröfum vegna íslenskukunnáttu eða kunnáttu á norðurlandamálum sem hvort tveggja þarf að vera vel rökstutt og mælanleg, sbr. aðgerð II.6. í stefnu í málefnum innflytjenda, umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttafólks. Þar er skýr stefna borgarinnar að leitast

við að nýta Evrópuramma um tungumálaviðmið A1-C2 þegar er fjallað um tungumálakunnátta bæði í starfslýsingum og við ráðningar.

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/stefna_reykjavikurborgar_i_malefnum_innflytjenda_og_flottamanna.pdf.